

## Sameinuð munum við ná fyrri styrk

LEIDARI

### Mjólkurframleiðslan og umframmjólk

Það sem af er ári hefur verið kraftur í íslenskum kúabændum. Framleiðslan er talsvert meiri en spár höfðu gert ráð fyrir þrátt fyrir færri kýr. Líklegt er að framleiðslan nái að minnsta kosti 151 milljón lítra og að umframmjólkinn í ár verði nálægt meðaltali sl. 20 ára. Það er ljóst að meðalnyt er að hækka í landinu með bættum aðbúnaði og markvissari fóðrun og fyrstu vísbendingar um framleiðslu ársins 2020 líta ágætlega út.

Í september síðastliðinn fór stjórn Auðhumlu yfir þær forsendur sem stýra verði á umframmjólk. Mjólkursamsalan hefur komið upp gagnagrunni fyrir allan útflutning sem er uppfærður mánaðarlega. Niðurstaðan var óbreytt verð eða 29 kr/líter. Áfram er miðað við að 50% af tekjum fyrir útflutt skyr sem er framleitt á Íslandi fari í að mæta próteinhallanum og 50% í umframmjólk. Í árslok verður árið síðan gert upp og í ljós kemur þá hvort að það sé tilefni til að greiða meira fyrir umframmjólk ársins.

Það sem af er ári hefur verið þungt að losna við magnvöruna. Það hefur fyrst og fremst verið einn aðili sem hefur séð um söluna á þessum vörum og mikilvægt er fyrir okkur að finna fleiri leiðir til að auka sölumöguleikana.

### Endurskoðun á ýmsum starfspáttum MS

Á vegum stjórnar Mjólkursamsölnnar var ákveðið að setja af stað hópavinnu þar sem stjórnarfolk ásamt starfsmönnum koma að kortlagningu og endurskoðun á ýmsum starfspáttum í fyrirtækinu. Í þessari hópavinnu er komið inn á flest starfssvið fyrirtækisins og margvíslegar upplýsingar teknar saman og unnið úr þeim. Af helstu verkefnum má nefna:

- Sölu- og markaðs- og vöruþróunarmál
- Framleiðslu- og útflutningsmál vegna birgðastýringar og umframmjólkurkaup
- Rekstrar- og starfmannamál, fjárfestingar o.fl.
- Erlenda starfsemi, þ.e. markaðs-, viðskiptaþróun á erlendum mörkuðum sem unnið er í gegnum starfsemi ISEY ehf.

Stefnt er að því að geta lagt fram yfirlit og helstu áherslur úr hópastarfinu á deildarfundum næsta vor.

### Endurskoðun búvörusamnings

Þegar endurskoðaður búvörusamningur hafði verið undirritaður og kynntur íslenskum kúabændum hófust umræður af kappi á fjasbókinni. Sumir bændur sáu fyrir alkul en aðrir mjólkur mosabreiður. Við teljum að samningurinn hafi verið unninn af nákvæmni til þess að ýmsir hlutar samningsins pössuðu vel saman.

Það er eðlilegt að ákveðin atriði séu sett í starfshóp sem er skipaður til að fara betur yfir og koma með úrlausnir í ákveðnum málum varðandi samninginn. Það hefur t.d. verið gagnrýnt að verðlagsmálin hafi verið sett í starfshóp. Við teljum að það hafi verið góð lausn. Það er engin ástæða til annars en að setja það í forgang næstu mánuði að fara í

greiningar- og samanburðarvinnu á þessum veigamikla áhrifaþætti og hafa skýra hugsun og skoðun á því hvaða aðstæður geta gengið og hverjar ekki.

Stóru drættirnir í þessari endurskoðun voru að það var snúið frá því að leggja niður greiðslumarkskerfið og er framtíðin því fyrirsjáanlegri að þessu leiti, þó það megi segja að það sé óunnið hvernig á að móta og þróa þetta kerfi áfram.

### Fjárhagur Auðhumlu

Eins og fram hefur komið á haustfundunum þá hefur afkoma beggja félaga verið að síga í rétta átt. Ef áætlanir ganga eftir þá verður þetta besta afkoma MS frá sameiningu. Talsverður rekstrarbati er líka Auðhumlu megin en þar er samt mun þyngra undir fæti því að gengið hefur mikið á eignir félagsins undanfarin misseri. Nauðsynlegt er að treysta áfram fjárhagsstöðu Auðhumlu. Íslenskir kúabændur verða að taka höndum saman og tryggja að íslenskur mjólkuriðnaður nái fyrri styrk.

### Verðlagning mjólkur

Nýverið lauk skipan í verðlagsnefnd búvara. Það hafði dregist að skipa í nefndina sem átti að vera fullskipuð fyrir 1. júlí sl. samkvæmt lögum. Það eru nú liðnir 15 mánuðir frá því að rekstrarforsendur kúabænda og afurðastöðva voru síðast teknar til skoðunar af hálfu verðlagsnefndar. Nú verður að leggja þunga áherslu á að nefndin taki fljótt til starfa og uppfylli það hlutverk sem henni er falið.

### Tollasamningur við ESB

Fram kemur bæði í skýrslu utanríkisráðherra til Alþingis um framkvæmd EES – samningsins og í nefndaráliti meirihluta atvinnuveganefndar Alþingis um afgreiðslu á lagafrumvarpi um breytingu á löggjöf um innflutning búvara, áhugi á að skoða mögulegan forsendubrest tollasamnings við ESB vegna Brexit og hvort tilefni sé til þess að óska eftir viðræðum við ESB um endurskoðun á samningnum. Það er jákvætt að málið sé þó komið á þetta stig innan Alþingis og ráðuneyta. Það er okkur mjög mikilvægt að fylgja þessu máli eftir af fullum þunga, halda fram traustum upplýsingum og sinna málinu af allri eftirfylgni sem unnt er.

Auk forsendubrests bætist við að það er mikið hagsmunamál að þessar ósanngjörnu aðstæður sem settar voru smáþjóð gagnvart mörgum stórbjóðum, í þessum tollasamningum, verði leiðréttar.

Samhliða þessari skoðun er nauðsynlegt fyrir okkur að halda vel á ímynd mjólkuriðnaðarins og að íslenskar mjólkurvörur hafi jákvæða ímynd í samanburði við ímynd erlendra valkosta í ljósi aukinnar samkeppni. Tryggja þarf að Íslendingar kaupi stoltir íslenskar mjólkurvörur vegna gæða, uppruna og hreinleika.

Elin M. Stefánsdóttir,  
stjórnarformaður MS

Ágúst Guðjónsson,  
stjórnarformaður Auðhumlu


# Framleiðsla mjólkur 2019

FRAMLEIÐSLUSVIÐ

Eftir fyrstu 47 vikur ársins 2019 virðist allt stefna í að mjólkurframleiðsla yfirstandandi árs verði rúmar 151 milljónir lítra og lætur nærri að framleiðslan geti náð 152 milljónum. Nái mjólkurframleiðsla yfirstandandi árs um 152 milljónum lítra, verður það annað stærsta mjólkurframleiðsluár frá upphafi, en í fyrra nam heildarinnvigtun mjólkur um 152,4 milljónum lítrum. Í tengslum við rekstraráætlun MS fyrir árið 2020 er einnig unnið að framleiðsluáætlun þess árs. Endanleg áætlun liggur ekki fyrir þar sem enn er verið að meta helstu áhrifaþætti í framleiðslunni.

## Sala mjólkur og útlutningur


Í mynd 2 kemur fram að innvigtun mjólkur sl. 12 mánuði (nóvember 2018 – október 2019) var 150,6 milljónir lítra og umreiknuð sala á innanlandsmarkaði nam 146,4 milljónum á fitugrunni og 126,6 milljónum á próteingrunni. Salan á fitugrunni hefur aukist um 0,9% en dregist saman um 3% á próteingrunni á þessu tímabili.




Mynd 1 Vikuleg innvigtun mjólkur 2017, 2018 og 2019 (vika 47).

VÖRUFLOKKAR	Sala í ltr. og kg			Breyting frá fyrra ári, %		
	október mánuður	Síðustu 3 mánuðir	Síðustu 12 mánuðir	Mán.	3 mán.	12 mán.
<b>Umreiknað á PRÓTEIN:</b>						
Birgðir í upphafi	27.132.169	29.218.611	27.254.990	-0,51	-6,52	-5,55
Innvegin mjólk	11.944.263	36.208.494	150.598.991	2,51	3,50	-2,23
Seldar afurðir	10.882.846	32.478.593	126.642.952	-1,85	-3,20	-3,06
Útlutningur	1.423.749	6.246.764	23.123.537	376,43	30,06	-4,83
Birgðir í lok	26.635.292	26.635.292	26.635.292	-2,27	-2,27	-2,27
Mismunur	134.545	66.456	1.452.199	-52,21	-89,44	108,37
<b>Umreiknað á FITU:</b>						
Birgðir í upphafi	28.282.910	28.280.728	25.154.467	12,95	0,81	3,57
Innvegin mjólk	11.944.263	36.208.494	150.598.991	2,51	3,50	-2,23
Seldar afurðir	12.783.787	37.356.415	146.388.763	9,33	0,38	0,90
Útlutningur	31.623	111.335	2.782.826	170,14	-90,38	-62,28
Birgðir í lok	27.223.427	27.223.427	27.223.427	8,23	8,23	8,23
Mismunur	188.336	-201.956	-641.559	-213,24	-58,76	-192,41

Mynd 2 Umreiknuð ráðstöfun mjólkur á 12 mánaða tímabili m.v. október 2019.



Mynd 3 Þróun smjörbirgða 2017 – 2019



Mynd 4 Þróun ostabirgða 2017 - 2019 (26% og 17%).

Þar sem innvigtun mjólkur á þessu viðmiðunartímabili nam 150,6 milljónum lítrum er framleiðsla umfram sölu um 24 milljónir lítra á próteingrunni og um 4,2 milljónir lítra á fitugrunni. Útlutningur á mjólk m.v. prótein nam 23,1 milljónum lítra en á fitugrunni um 2,7 milljónum.

## Birgðir mjólkurvara

Myndir 3 – 6 sýna birgðapróun helstu flokka mjólkurvara 2017 - 2019.

Í yfirlitum birgða kemur fram að smjörbirgðir eru um 600 tonn, en þ.a. eru um 100 tonn í útlutningi. Smjörbirgðir fyrir jóla- og áramótasöluna í desember eru nægar og allt í jafnvægi í þeim efnum.

Ostabirgðir eru í mjög góðu jafnvægi m.t.t. aldurs og magns í hverjum vöruflokki. Birgðir af mozzarellaosti hafa verið lækkandi og verður svo eitthvað um sinn, en þegar mjólkurframleiðslan verður farin að stíga meira munu mozzarellabirgðir stíga aftur ef þörf verður á.

Birgðir af undanrennuþufti hafa verið lækkandi og munu lækka eitthvað í nóvember – desember. Í janúarmánuði munu þær stíga aftur þegar mjólkurframleiðslan tekur að aukast enn frekar.

Útflutningur á próteini á yfirstandandi ári hefur að mestu verið í formi undanrennuosts og undanrennudufts. Birgðastaða mjólkurvara almennt er í góðu jafnvægi hvort sem lítið er til birgða einstakra vörflokka eða samanlagðra birgða, og horfur góðar sem snúa að birgðastöðu m.t.t. komandi verkefna í afsetningu mjólkurvara innanlands sem og á erlendum mörkuðum.

**Umframjólkurverð**

Það sem af er þessa árs hafa verið greiddar 29 kr. fyrir hvern lítra umframjólkur. Á fundum með kúabændum að undanförunu, var farið yfir helstu aðstæður í verðlagningu mjólkurvara á heimsmarkaði. Nú seinnipart nóvembermánaðar gefur heimsmarkaðsverð á undanrennudufti og smjöri um 32 kr/ltr mjólkur. Heimsmarkaðsverð er mjög sveiflukennt en það hefur verið stígandi að undanförunu, en þó ekki það mikið. Við síðustu stöðutöku heimsmarkaðsverðs (19. nóvember sl.) kom fram lækking á verði smjörs en verð á undanrennudufti hækkaði. Skilaverð er einnig háð gengi gjaldmiðla hverju sinni.


Síðustu útflutningsverð MS gáfu um 23 kr/ltr umframjólkur m.v. skilaverð smjörs og undanrennudufts. Heimsmarkaðsverð smjörs og undanrennudufts nú í nóvember, gefa um 32 kr/ltr. Í stopulum viðskiptum með lítið vörumagn nær MS um 70 – 80% af heimsmarkaðsverði sem eru skráð í reglubundnum viðskiptum stórfyrirtækja þar sem sölusamningar eru gerðir 7–8 mánuði fram í tímann. Upplýsingar um heimsmarkaðsverð smjörs og dufts, sbr. mynd 7 og 8, má finna á heimasíðu GLOBAL DAIRY TRADE™:

<https://www.globaldairytrade.info/en/product-results/skim-milk-powder/>  
<https://www.globaldairytrade.info/en/product-results/butter/>


Beinar tengingar á þessar síður er að finna á heimasíðu Auðhumlu svf. Þar er hægt að fylgjast með þróun á verði þessara vörflokka hverju sinni.

Af upplýsingum sem einnig koma fram á þessari upplýsingaveitu má sjá að nú þegar hafa verið gerðir framvirkir sölusamningar á smjöri og undanrennudufti allt fram til maí 2020. Vísbendingin um verðþróun

Pálmi Vilhjálmsson  
 aðstoðarforstjóri MS





Mynd 5 Þróun birgða á Mozzarella osti 2017 – 2019



Mynd 6 Þróun birgða á Undanrennudufti 2017 – 2019

gæti skv. þeim samningum verið sú að heimsmarkaðsverð á smjöri muni lækka á komandi ári en verð á undanrennudufti muni fara hækkaði. Þetta er þó allt breytingum háð.



Mynd 7 Heimsmarkaðsverð á smjöri. (desember 2018 – nóvember 2019)



Mynd 8 Heimsmarkaðsverð á undanrennudufti (desember 2018 – nóvember 2019)

## Dagur íslenskrar tungu

Mjólkursamsalan hefur frá árinu 1994 beitt sér fyrir eflingu móðurmálsins í góðu samstarfi við Íslenska málnefnd og Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Frá upphafi hefur verið lögð áhersla á að vekja fólk til umhugsunar um íslenskt mál og fékk fyrirtækið m.a. heiðursverðlaun á degi íslenskrar tungu árið 2018 fyrir brautryðjendastarf í þágu íslenskunnar og eftirtektarverða notkun á íslenskrari tungu um áratugaskeið. Líkt og áður sendi MS landsmönnum öllum hamingjuóskir í tilefni dags íslenskrar tungu þann 16. nóvember. Í ár var ákveðið að heiðra í auglýsingu nokkra af þeim fjölmörgu rithöfundum, tónlistarmönnum og -konum sem gera íslensku hátt undir höfði í listsköpun sinni og hvetja um leið aðra til að leggja rækt við móðurmálið og nota íslenskuna sem víðast, því henni eru engin takmörk sett.

Guðný Steinsdóttir  
markaðsstjóri



## Ísey skyr ÁN tilnefnt!



Ísey skyr ÁN var nýlega tilnefnt til Fjöreggsins, verðlaun sem Matvæla- og næringarfræðingafélag Íslands veitir árlega fyrir lofsamlegt framtak á matvæla- og næringarsviði. Ísey skyr ÁN er fyrsta mjólkurvara sinnar tegundar á Íslandi og með þeim fyrstu í heiminum sem inniheldur hvorki sykurlaugar né sætuæfni, einungis ávexti og skyr. Ísey skyr ÁN bar ekki sigur úr bitum að þessu sinni en ljóst er að tilnefningin er þó mikil viðurkenning fyrir þessa nýjung.

Guðný Steinsdóttir  
markaðsstjóri

## Samkeppnisréttaráætlun

Mjólkursamsalan hefur sett sér samkeppnisréttaráætlun sem var unnin af LEX lögmannstofu í samvinnu við Mjólkursamsöluna. Mörg stærri fyrirtæki hafa innleitt slíkar áætlanir sem ætlaðar eru að lágmarka hættu og tryggja rétt viðbrögð. Áætlunin samanstendur af greiningu á áhættuþáttum sem finna má í starfseminni og viðbragðsáætlun. Innleiðing áætlunarinnar hefur staðið frá því í vor. Námskeið í samkeppnisréttaráætlun voru haldin til þess að kynna áætlunina fyrir því starfsfólki sem á í samskiptum við viðskiptavini, birgja og/eða hagsmunasamtök. Tilgangur námskeiðsins var að lágmarka samkeppnisréttarlega áhættuþætti, kynna viðbragðsáætlunina og tryggja eins og kostur er að fyrirtækið starfi í samræmi við samkeppnislög og góða viðskiptahætti eins og það hefur gert hingað til.



LÖGMANNSSTOFA

Sunna Gunnars Marteinsdóttir  
samskiptastjóri

## Íslendingar hrifnastir af hreinum fituríkum mjólkurvörum

Mjólkursamsalan þakkar 25 milljónum mjólkurferna á hverju ári og er nýmjólk vinsælust. Af ostunum okkar er Góðostur vinsælastur og auðvitað pizzaostur á föstudagspizzuna.

Íslendingar eru líka hrifnir af smjöri og rjóma í matinn sinn en allar þessar vörur eiga það sameiginlegt að raða sér í toppsætin í sölu hjá Mjólkursamsölnni.

Af jórgurt og skyrölu er það hrein AB mjólk sem Íslendingar hella helst í skál eða næstum ein milljón lítra á hverju ári á eftir því kemur Ísey skyr sem er vinsælasti skyrflokkurinn okkar.

Pegar horft er á vinsælustu mjólkurvörur Íslendinga mætti því segja að við erum hrifnust af hreinum fituríkum mjólkurvörum.

Sunna Gunnars Marteinsdóttir  
Samskiptastjóri

# Ísey skyr bar opnar í Finnlandi



Ísey skyr bar hefur nú opnað í Finnlandi. Fyrsta útibúið er staðsett í Ainoa Tapiola verslunarmiðstöðinni í Espoo en stefnt er á að opna 25 staði á næstu árum. Allar skálar og glös auk borðbúnaðar eru úr bio based efnum og endurvinnanleg. Vinnuvuntur starfsmanna eru úr endurunnum plastflöskum og stuttermabolir úr 100% endurunnu efni.



Fulltrúar fyrirtækja sem koma að Ísey skyr bar í Finnlandi.

Ísey skyr bar í Finnlandi er rekið af fyrirtækinu Restel sem sérhæfir sig í veitingarekstri.

Sunna Gunnars Marteinsdóttir  
samskiptastjóri

## Nýtt frá MS - Skvísur



Íslendingar eru sólgirnir í skyr og vita að það er ríkt af næringarefnum og próteinum. Ísey skyr er sérstaklega vinsælt meðal þjóðarinnar og því gaman að segja frá því að nú er hægt að fá skyr í handhægum skvísumbúðum sem henta vel fyrir fólk og fjölskyldur á ferðinni, þá bæði börnum og fullorðnum. Nýja Ísey skyrið í skvísu er laktósalaut, próteinríkt og inniheldur aðeins 4% viðbættan sykurlaus. Það er merkt skráargatinu, en skráargatið er norræn merking fyrir þær vörur sem teljast hollastar í sínum fæðuflokk og er ætlað til að hjálpa neytendum að velja sér hollari matvöru. Skyrið má enn fremur frysta, þannig að það er hægt að taka það úr frysti að morgni og grípa það með sér út í daginn ef það á ekki að nota það strax. Ísey skyr í skvísu er nýr og spennandi kostur fyrir fólk á ferðinni og upplagt að taka með sér í vinnuna eða skólann og sniðugt að taka með sér þegar börn eru sótt í leikskóla, skóla eða á æfingar þar sem skyrskvísunum fylgir lítill sem enginn subbuskapur. Ísey skvísumnar fást í þremur mismunandi bragðtegundum og hafa nú þegar fengið mjög góðar viðtökur meðal neytenda.

Guðný Steinsdóttir  
markaðsstjóri

## Nýjung! Laktósalaut G-rjómi.

Nýlega kom spennandi nýjung á markað frá MS sem er laktósalauti G-rjóminn. Rjóminn hentar öllum þeim sem hafa laktósaþþol auk þess sem hann geymist í 6 mánuði. Hægt er að þeyta hann eins og hefðbundinn rjóma. Viðbrögð neytenda hafa verið mjög jákvæð og finnst fólk þægilegt að geta átt rjóma og gripið til hans þegar þörf er.

Guðný Steinsdóttir  
markaðsstjóri



## Umhverfismál

Nú er mikil samfélagsleg vitundavakning um umhverfis- og loftlagsmál. Mjólkursamsalan hefur metnaðarfull markmið um að leggja enn frekar að mörkum í þeim efnum en þau snerta marga starfsþætti. Má þar nefna brennslu jarðefnaeldsneytis en þar eru viðfangsefni m.a.



Úr plasti í fernur - Engir drykkir eru lengur í plastumbúðum hjá fyrirtækinu

tengd í gegnum bestun í mjólkursöfnun, dreifingu og flutningi mjólkurvara. Einnig má nefna val á umbúðum. Má í því sambandi nefna að drykkjarmjólkinni er nú pakkað í umhverfisvænustu umbúðir sem völ er á sem hefur um 66% minna kolefnisspor en áður á þeim 25 milljónum ferna af mjólk sem neytt er árlega á Íslandi.

Fleira má telja til t.d. að allir drykkir eru komnir úr plasti í fernur og plaströrið farið af G-mjólkinni. Þá er verið að fullnýta hráefni gegnum Íslenskar mysuafurðir á Sauðárkróki (nýtt nafn Heilsupróteins) og unnið að því að safna öllu því plasti sem fellur til við framleiðslu á starfsstöð fyrirtækisins á Selfossi í samstarfi við Pure North Recycling í Hveragerði. Pure North nýtir jarðhita til þess að þvo og rífa niður efnið og búa til plastráefni til annara hluta.

Þá fylgist fyrirtækið með umhverfisálagi sínu gegnum umhverfisstjórnarkerfi Klappa.

Sunna Gunnars Marteinsdóttir  
samskiptastjóri

## Jafnlaunavottun

Í samræmi við lög hefur MS unnið að jafnlaunavottun með jafnlaunastaðlinum ÍST 85. Niðurstaða jafnlaunagreiningar var að Mjólkursamsalan uppfyllir ákvæði um sömu laun fyrir sambærilega vinnu auk þess sem heildarlaun kvenna reyndust 1,5% hærri en heildarlaun karla hjá Mjólkursamsölu. Úttekt á jafnlaunakerfi fyrirtækisins er lokið og komin er staðfest jákvæð niðurstaða þess aðila sem

annaðist framkvæmd úttektar. Beðið er eftir formlegri staðfestingu þess aðila sem síðan endanlega veitir vottun jafnlaunakerfis Mjólkursamsölu.

Sunna Gunnars Marteinsdóttir  
samskiptastjóri



## Heiðursverðlaun á matvælasýningu

Matvælasýningin International Food Contest 2019 fór fram í október í Herning í Danmörku og vakti íslenskt skyr mikla lukku meðal dómara. Nýtt laktósalaust KEA skyr með mangó í botni dósarinnar var valið besta skyr keppinnar og hlaut þar af leiðandi sérstök heiðursverðlaun. Langt og strangt gæðamat dómara fer fram áður en verðlaunin eru tilkynnt og er þar m.a. horft til bragðs, útlits og áferðar skyrins.

Þessi verðlaun eru sérstaklega ánægjuleg fyrir þær sakir að í sumar var nýtt og endurbætt KEA skyr kynnt hér á landi í tilefni þess að 30 ár voru liðin frá því skyrrið kom fyrst á markað. Meðal nýjunga voru tvær tegundir af hreinu skyrri með bragðgóðum ávöxtum í botni dósarinnar, annars vegar mangó og hins vegar jarðarber. Íslendingar hafa tekið

nýja KEA skyrinu fagnandi og óhætt að segja að það sama hafi verið uppi á teningnum hjá dómurinum í Herning.

Heildarlista yfir verðlaun Mjólkursamsölu á matvælasýningunni International Food Contest 2019 má sjá hér fyrir neðan, en fyrirtækið hlaut samtals 11 verðlaun fyrir bæði KEA og Ísey skyr og var því einstaklega sigursælt í keppinni.

### Heiðursverðlaun í skryflokki

- KEA skyr - mangó í botni 200 g

### Gullverðlaun

- Ísey skyr - kókos 170 g
- Ísey skyr - jarðarber 500 g
- Ísey skyr - bláber og jarðarber 500 g
- KEA skyr - jarðarber í botni 200 g
- KEA skyr kolvetnaskert - jarðarber og bananar 200 g

### Silfurverðlaun

- KEA skyr kolvetnaskert - vanilla 200 g
- Ísey skyr - bökuð epli 170 g
- Ísey skyr - jarðarberjabaka 170 g

### Bronsverðlaun

- Ísey skyr - vanilla 170 g
- KEA skyr kolvetnaskert - kaffi og vanilla 200 g
- Ísey skyr próteindrykkur - jarðarber og bananar 300 ml

Guðný Steinsdóttir  
markaðsstjóri

